

Fagráð um velferð dýra

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Agnes Helga Martin	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur (Teams)
<i>Fundarstjóri:</i>	Póra J. Jónasdóttir	<i>Dagsetning:</i>	13. febrúar 2026
<i>Fundarritari:</i>	Agnes Helga Martin	<i>Fundartími:</i>	13:00 – 15:15

Póra J. Jónasdóttir (yfirdýralæknir og formaður fagráðs), Hinrik Ragnar Helgason (f.h. DÍ), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsamband Íslands), Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, (f.h. Bændasamtaka Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnun HÍ), Linda Karen Gunnarsdóttir (varamaður f.h. Dýraverndarsamband Íslands).

Aukamaður á fundi sérfræðingur í Evrópurétti Hafsteinn Dan Kristjánsson lögfræðingur Starfsmaður MAST: Agnes Helga Martin (sérgreinadýralæknir gæludýra og dýra sem notuð eru í vísindaskyni).

Dagskrá

Áður en gengið var til dagskrá fundarins fór formaður yfir ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi, en skv. 3. mgr. 5. gr. laga um velferð dýra skal um málsmeðferð hjá fagráðinu fara skv. ákvæðum stjórnsýslulaga.

Ráðsmanni sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi ber að vekja athygli formanns á þeim og voru ráðsmenn áminntir þessa skyldu sína.

Hinrik Ragnar Helgason upplýsti um hann hefði unnið við blóðtöku. Afstaða meirihluta ráðsins var að Hinrik væri ekki vanhæfur til að taka þátt í meðferð umsókna um leyfi til tilrauna á dýrum.

Fram kom að Linda Karen Gunnarsdóttir hefði skrifað undir erindi Eurogroup sem um er getið í dagskrárlið 1. og var afstaða meirahluta ráðsins að Linda Karen væri vanhæf til að taka þátt í meðferð umsókna um leyfi til tilrauna á dýrum og vék hún því af fundi. Bréfið var ekki lagt fyrir stjórn DÍS fyrir birtingu og því stjórnarmeðlimir DÍS sem ekki hafa tjáð sig um blóðmerahald á opinberum vettvang ekki taldir vanhæfir, nema þeir telji það sjálfir

Dagskrá fundarins:

1. Erindi frá Eurogroup for Animals, Animal Welfare Foundation og Dýraverndarsambandi Íslands, undir yfirskriftinni - Stöðvið blóðmerahald á Íslandi.

Formaður fór yfir erindið. Samþykkt einróma að ekki væri grundvöllur fyrir að taka erindið til efnislegrar umfjöllunar, en rétt væri að fundi loknum að framsenda til Matvælastofnunar sem afgreiðir umsóknir um notkun dýra í vísindaskyni.

2. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

a. Collection of whole blood from equines (pregnant mares)

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um velferð dýra ber fagráðinu að kalla eftir sérfræðialíti þegar fjallað er um fræðileg álitamál og ráðið telur sig skorta sérþekkingu á viðkomandi sviði. Ráðið óskaði eftir til atvinnuvegaráðuneytisins óháðum sérfræðing í Evrópurétti og kom tillaga um Hafstein Dan Kristjánsson sérfræðing í Evrópurétti, sem samþykkti fundarboðið og svaraði spurningum fagráðsmanna um túlkun á tilskipun 2010/63/ESB og réttarheimildir er vörðuðu umsagnir fagráðsins um leyfi til dýratilrauna. Eftir að spurningum og svörum var lokið vék Hafsteinn af fundi.

Í framhaldinu fjallaði fagráðið um umsókn Ísteka um leyfi til blóðtöku úr hryssum til úrvinnslu PMSG. Niðurstaða fagráðs var ekki samhljóma. Henry Alexander Henrysson taldi ávinningur ekki nægjanlega rökstuddur í umsókninni, að framleiðsla bæti heilsu dýra eða hafi önnur góð áhrif og veitti neikvæða umsögn.

Önnu Berg Samúelsdóttur fannst skorta á að sjá ávinning af framleiðslu og fjöldi dýra væri of mikill. Einnig séu til staðgöngulyf. Veitti neikvæða umsögn

Hinrik Ragnar Helgason og Eyjólfur Kristinn Örnólfsson veittu jákvæða umsögn.

Þóra J. Jónasdóttir gerir athugasemdir við það sem fram kom í umsókn um ferla við veikindi eða dauða hryssna og ábyrgð umsækjanda að kanna mögulegar ástæður. Jafnframt telur hún að í umsókninni komi ekki fram með fullnægjandi hætti frá umsækjanda gögn og rökstuðningur fyrir þeim vísindalega- og samfélagslega ávinningi sem reiknað sé með af tilrauninni. Önnur lyf geti einnig skilað fullnægjandi árangri í flestum tilfellum, en þó ekki jafn góðum og möguleg staðganga þyrfti því e.t.v. nánari skoðun. Því geti hún ekki veitt jákvæða umsögn að svo stöddu.

3. Önnur mál.

Rætt um mál sem hefur verið frestað milli funda og nauðsyn þess að setja slík mál á dagskrá.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:15. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður föstudaginn 27. febrúar 2026 kl. 10:00 – 12:00.